

VIÐAUKI II

Form þetta skal fyllt út er tæknileg regla er tilkynnt Alþjóðaviðskiptastofnuninni:

World Trade
Organization

Committee on Technical Barriers to Trade

NOTIFICATION

1. Member to Agreement notifying: ICELAND If applicable, name of local government involved.
2. Agency responsible:
3. Notified under Article 2.9.2 [<input checked="" type="checkbox"/>], 2.10.1 [<input type="checkbox"/> , 5.6.2 [<input type="checkbox"/> , 5.7.1 [<input type="checkbox"/> , other:
4. Products covered:
5. Title, number of pages and language(s) of the notified document:
6. Description of content:
7. Objective and rationale:
8. Relevant documents:
9. Proposed date of adoption: Proposed date of entry into force:
10. Final date for comments:
11. Texts available from: National enquiry point [<input checked="" type="checkbox"/>] or address, e-mail and telefax number of other body: Löggildingarstofa, Borgartúni 21, IS-105 Reykjavik, ICELAND Fax: +354 5101101, e-mail: thorunn@ls.is

REGLUGERÐ

**um starfsemi fjarskiptafyrirtækja með staðfestu
í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.**

1. gr.

Fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar en utan Evrópska efnahagssvæðisins getur starfrækt fjarskiptanet og veitt fjarskiptaþjónustu hér á landi að fullnægðum skilyrðum III. kafla fjarskiptalaga.

2. gr.

Ákvæði XVI. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995, um útibú erlendra hlutafélaga skulu eiga við um útibú og umboðsskrifstofu erlends félags sem rekur fjarskiptanet eða veitir fjarskiptaþjónustu hér á landi samkvæmt þessari reglugerð. Hið sama gildir um XVI. kafla laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 um útibú erlendra einkahlutafélaga.

3. gr.

Í umsókn erlends fyrirtækis um heimild til reksturs fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets skulu koma fram upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi hér á landi, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist frekari upplýsinga m.a. varðandi eignaraðild og fjárhagsstöðu ef þörf er á rekstrarleyfi fyrir starfsemina.

4. gr.

Í almennri heimild eða rekstrarleyfi erlends fyrirtækis skal tilgreina starfsskilyrði. Þau skulu vera hin sömu og fjarskiptafyrirtækja sem hlotið hafa starfsleyfi og höfuðstöðvar hafa hér á landi. Með starfsskilyrðum er átti við að starfsemin skal lúta íslenskum lögum og lögsögu, svo sem skattalögum, lögum um stjórn efnahagsmála, löggjöf um neytendamálefni, svo og samkeppnislögum.

Öll lögskipti sem leiða af reksti fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu hér á landi lúta íslenskum lögum og lögsögu.

5. gr.

Vegna útibús og umboðsskrifstofu erlends fjarskiptafyrirtækis skal færa sérstakt bókhald vegna starfseminnar hér á landi.

6. gr.

Svipti Póst- og fjarskiptastofnun erlent fyrirtæki rekstrarheimild skal útibú þess eða umboðsskrifstofa hér á landi lögð niður.

7. gr.

Verði erlent fyrirtæki gjaldþrota, því slitið eða lagt niður með öðrum hætti skal, þegar í stað og í síðasta lagi innan fjórtán daga, tilkynna um það til Póst- og fjarskiptastofnunar og eftir atvikum hlutafélagaskrár eða firmaskrár.

8. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 4. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 19. september 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni).

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til efna eða efnasambanda, sem undanþegin eru lyfjahugtakinu skv. 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og upprunnin eru úr náttúrunni, og teljast ekki náttúruyf, heldur náttúruvara (almenn vara) þ.m.t. náttúruéfni.